

Leikn samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi  
Skólavegi 1  
230 Reykjanesbæ

Nefndasvið Alþingis  
Menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjanesbæ 25. mars 2009

**Umsögn um frumvarp til laga um náms- og starfsráðgjafa. Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009.**

Leikn samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við menntamálanefnd Alþingis:

**Almennar athugasemdir**


Leikn fagnar frumvarpi til laga um náms- og starfsráðgjafa. Leikn styður eindregið framlagt frumvarp og telur það fela í sér staðfestan vilja stjórnvalda og yfirvalda menntamála til að efla náms- og starfsráðgjöf. Með frumvarpinu er verið að tryggja að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inni í skólakerfið og atvinnulífið, fagþekking sem tryggir ákveðin gæði þjónustu og að hagsmunir ráðþega séu í fyrirrúmi.

**Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins**

**1. gr.**

Menntun náms- og starfsráðgjafa hefur verið að þróast undanfarin ár á Íslandi. Í ljósi þróunar á menntun náms- og starfsráðgjafa á Íslandi lítur Leikn svo á að leyfi skv. 1. mgr. 1. gr. skuli annars vegar veita umsækjanda sem lokið hefur eins árs diplómagraðu í náms- og starfsráðgjöf (skv. eldra námsskipulagi) og hins vegar umsækjanda sem lokið hefur meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf (tveggja ára heildstæðu meistaranámi skv. nýju námsskipulagi HÍ).

f. h. Leiknar

  
Guðjónína Sæmundsdóttir, formaður